



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir bílapartasölu (Vaka) að Héðinsgötu 2.

Nafn leyfishafa: Vaka hf.

Heimilisfang: Héðinsgata 1-3

Póstnúmer: 105

Kennitala: 670269-5589

Útgáfudagur leyfis: 10. september 2021

Gildir til: 31. desember 2022

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bílapartasölur og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir bílapartasölur. Starfsleyfið er samþykkt með þeim takmörkunum að niðurrif bifreiða er ekki heimilt.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 10. september 2021



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Vöku hf.

kt. 670269-5589

Héðinsgötu 2, Reykjavík

vegna starfsemi bílapartasölu og niðurrifs bifreiða að Héðinsgötu 2, Reykjavík.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 13. júlí 2021 umsókn Vöku hf. kt. 670269-5589, dags. 5. júlí 2021 um starfsleyfi fyrir bílapartasölu og niðurrifs bifreiða, sbr. lið 74 í viðauka IV við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að Héðinsgötu 2.

Um er að ræða umsókn vegna flutnings í nýtt húsnæði. Ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis frá 2. febrúar 2021 fyrir m.a. bílapartasölu og niðurrifi á bifreiðum var feld úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. júní 2021. Móttaka umsóknar var auglýst á heimasvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 15. júlí 2021. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit þar sem lagt var til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bílapartasölu og samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir bílapartasölur. Sótt var um starfsleyfi til 31.12.2022.

2. Umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa

Skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

Um er að ræða umsókn um starfsleyfi fyrir bílapartasölu og niðurrif bifreiða vegna flutnings í nýtt húsnæði. Umsagna skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa var leitað með tölvupóstum dags. 15. júlí 2021.

Í umsögn byggingarfulltrúa, sem barst í tölvupósti dags. 23. júlí s.l., segir að húsnæðið heimili þessa notkun. Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að heilbrigðiseftirlit gefi út starfsleyfi fyrir starfsemi bílapartasölu að Héðinsgötu 2 (mthl. 12 og 15).

Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. júlí s.l. kemur fram að heimild sé í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir léttan iðnað á lóðinni og einnig er heimil þjónusta samkvæmt deiliskipulagi. Einnig kemur fram í umsögninni að bílapartasala flokkist sem léttur iðnaður og einnig undir hugtakið þjónusta og rúmist því innan gildandi skipulags. Því eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við starfsemi bílapartasölu og geymslu varahluta við Héðinsgötu 2.



3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar/umhverfis- og heilbrigðisráðs að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir starfsemi Vöku hf. vegna bílapartasölu og niðurrifs bifreiða að Héðinsgötu 2 á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Auglýsingin var birt þann 15. júlí 2021 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 13. ágúst 2021.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Athugasemdir bárust á auglýsingatíma og er gerð grein fyrir þeim og viðbrögðum HER hér að neðan. Uppsetningu texta hefur í sumum tilfellum verið breytt lítillega, t.d. leturgerð minnkuð og línubil minnkað eða tekið út, til að spara pláss en engar breytingar hafa verið gerðar á efni eða innihaldi texta. Fjórar tillögur að starfsleyfi vegna umsókna Vöku um starfsleyfi voru auglýstar samtímis. Í hluta athugasemda var ekki tiltekið hvort þær ættu við ákveðna starfsemi og eru þær og svör HER birtar í greinargerðum vegna allra fjögurra umsóknanna. Ef athugasemd átti við tiltekna starfsemi, eina eða fleiri, er hún birt og henni svarað í viðkomandi greinargerð/gerðum. Persónugreinanlegar upplýsingar aðrar en nöfn eru yfirstrikaðar samkvæmt ráðleggingum persónuverndarfulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem veitir HER ráðgjöf í málefnum persónuverndar.

Vaka sótti um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi fyrir starfsemina til umhverfis- og auðlindaráðherra sbr. heimild í 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Erindinu var svarað með bréfi dags. 30. júlí 2021 þar sem Vöku var veitt tímabundna undanþága frá starfsleyfi fyrir bílapartasölu að Héðinsgötu 2 í Reykjavík. Undanþágan var bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til starfsemi bílapartasölu Vöku hf. sem felur í sér móttöku viðskiptavina í verslun og lagerhald í hillum og rekkum innandyrna sem og endursölu hjólbarða sem geymdir eru í lokuðum gámum utandyra að Héðinsgötu 5 í Reykjavík og gildir ekki um móttöku og úrvinnslu, þ.m.t. niðurrif, ökutækja sbr. ákvæði reglugerðar nr. 303/2008.
2. Vaka skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag og virða lóðamörk.
3. Vaka skal fylgja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.
4. Vaka skal tryggja snyrtimennsku starfseminnar, bæði utan- og innandyrna.
5. Starfsemin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðinsgötu 2 vegna starfsemi bílapartasölu og niðurrifs bifreiða, dags. 15. júlí 2021.

Undirrituð vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. júní í máli nr. 15/2021 um ógildingu starfsleyfis Vöku hf., en í niðurstöðum úrskurðarins segir m.a.:

“Felur hluti þeirrar starfsemi sem um ræðir í sér móttöku og úrvinnslu úr sér genginna bifreiða. Þannig er m.a. úrgangur úr bílum, s.s. spilliefni, flokkaður og sendur til förgunar. Er því ekki hægt að telja að hin umþrætta starfsemi geti talist vera léttur iðnaður í skilningi gildandi aðalskipulags, enda verður að skýra það hugtak í samræmi við þau ákvæði skipulagsreglugerðar sem áður eru rakin. Starfsemin hefur í för með



sér mengunarhættu og er ekki hægt að fallast á að hún sé hreinleg. Getur hún því ekki fallið undir landnotkunarflokkinn miðsvæði, eins og hann er skilgreindur í skipulagsreglugerð.” [Áherslumerking á “úrvinnslu” (þ.e. “niðurrif”) er undirritaðrar.] Jafnframt að starfsemin “samræmist hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, hvort sem litið er til Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 eða gildandi deiliskipulags, eins og áskilið er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.” Enn fremur vísar undirrituð til þess að samkvæmt 6. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 eru úrskurðir nefndarinnar fullnaðarúrskurðir á stjórnslustigi. Af framangreindum ástæðum er þá þegar óheimilt að veita umrætt starfsleyfi. Undirrituð leggst því alfarið gegn tillögunni og mælist til þess að umsókninni verði hafnað.

Þar sem í tilkynningu um auglýsingu tillögu um starfsleyfi dags. 15. júlí 2021 kom fram að Vaka hf. hefði sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðherra sbr. heimild í 6. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er af sömu ástæðum og að framan greinir óheimilt að veita slíka undanþágu og verður athygli ráðuneytisins vakin á því.

Samrit:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1, 101 Reykjavík

uar@uar.is

Reykjavík 16. júlí 2021

Ásdís G. Þorsteinsdóttir

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Gerð er grein fyrir afgreiðslu HER á umsókn Vöku um starfsleyfi fyrir bílapartasölu og niðurrifi bifreiða í kafla 6. Umsókn um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi er afgreidd stjórnslulega hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og getur HER ekki svarað fyrir það mál.

Góðan daginn.

Undirrituð tilkynnir hér með brot fyrirtækisins Vöku hf. á úrskurði ÚUA. Undirrituð vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. júní í máli nr. 15/2021 um ógildingu starfsleyfis Vöku hf., en í niðurstöðum úrskurðarins segir m.a.:

“Felur hluti þeirrar starfsemi sem um ræðir í sér móttöku og úrvinnslu úr sér genginna bifreiða. Þannig er m.a. úrgangur úr bílum, s.s. spilliefni, flokkaður og sendur til förgunar. Er því ekki hægt að telja að hin umþrætta starfsemi geti talist vera léttur iðnaður í skilningi gildandi aðalskipulags, enda verður að skýra það hugtak í samræmi við þau ákvæði skipulagsreglugerðar sem áður eru rakin.

Starfsemin hefur í för með sér mengunarhættu og er ekki hægt að fallast á að hún sé hreinleg. Getur hún því ekki fallið undir landnotkunarflokkinn miðsvæði, eins og hann er skilgreindur í skipulagsreglugerð.” [Áherslumerking á “úrvinnslu” (þ.e. “niðurrif”) er undirritaðrar.]

Íbúar hafa tekið eftir því að fyrirtækið heldur áfram úrvinnslu bíla á svæðinu. Eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp hélt fyrirtækið áfram að vinna bíla í skemmuni á Héðinsgötu 2. Þegar íbúi tók mynd af því um miðjan júlí hófust starfsmenn handa við að byggja vegg sem byrgir sýn inn í skemmuna. Búið er að hlaða vegg úr múrsteinum, stafla gámum sem mynda vegg og þar má sjá skilti sem varar við varðhundur og eftirlitsmyndavélum.

Í dag var áberandi hvað það var mikil starfsemi á svæðinu en mikil læti bærust yfir götuna, brak og brestir í málmum. Reykur kom út úr útblástursröri á suðurgafli hússins, en rörið er tengt bílapressu innanhúss. Stór grafa sem hefur verið notuð við úrvinnslu hefur verið í notkun í dag. Þar sem forsvarsmenn fyrirtækisins hafa reynt að fela það sem fer fram á svæðinu geta íbúar ekki tekið myndir, en reykurinn frá bílapressunni og notkun gröfunnar staðfesta grun okkar.

Fyrirtækið hefur sótt aftur um starfsleyfi fyrir úrvinnslu bíla og móttökustöð og sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi hjá umhverfis- og auðlindaráðherra, sjá tölvupóst frá heilbrigðisfulltrúa HER:



Góðan daginn.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vekur athygli á því að Vaka hf. hefur sótt um starfsleyfi fyrir starfsemi sinni að Héðinsgötu 2. Sótt er um alls fjögur starfsleyfi, sótt er sérstaklega um hvern starfsleyfisskyldan þátt í starfsemi eða móttöku á úrgangi þ.e. móttaka á bilum til úrvinnslu fyrir förgun, bílapartasölu, bifreiða og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði. Fyrra starfsleyfi Vöku var fellt úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. júní 2021.

Tillögur að starfsleyfum ásamt fylgigögnum eru komnar í auglýsingu á vefsvæði Heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/tillögur-ad-starfsleyfi-i-auglyssingu> og ráðast auglýsingar í tímaröð eftir dagsetningu auglýsingar en einnig má ráða á nafn fyrirtækis og ráðast auglýsingarnar þá í stafrófsröð. Auglýsingatími er 15. júlí til og með 13 ágúst. Á þeim tíma má hver sem vil senda inn athugasemdir og ábendingar við tillögurnar. Heilbrigðiseftirlitið hefur óskað umsagna skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa. Heilbrigðiseftirlitið vill einnig upplýsa að Vaka hf. hefur sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðherra sbr. heimild í 6. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og er beiðnin í vinnslu í ráðuneytinu.

Guðjón Ingi Eggertsson

Heilbrigðisfulltrúi

Íbúar mótmæla því að starfsleyfi fyrir móttökustöð og starfsleyfi bílapartasölu og niðurrifs bifreiða (sótt um úrvinnslu og bílapartasölu í sömu umsókn) verði veitt af hálfu HER. Samkvæmt úrskurði ÚUA: Starfsemin “samræmist hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, hvort sem litið er til Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 eða gildandi deiliskipulags, eins og áskilið er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.” Enn fremur vísar undirrituð til þess að samkvæmt 6. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 eru úrskurðir nefndarinnar fullnaðarúrskurðir á stjórnýslustigi. Af framangreindum ástæðum er þá þegar óheimilt að veita umrætt starfsleyfi. Undirrituð leggst því alfarið gegn tillögunni og mælist til þess að umsókninni verði hafnað. Þar sem í tilkynningu um auglýsingu tillögu um starfsleyfi dags. 15. júlí 2021 kom fram að Vaka hf. hefði sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðherra sbr. heimild í 6. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er af sömu ástæðum og að framan greinir óheimilt að veita slíka undanþágu og vill undirrituð vekja athygli ráðuneytisins á því.

Virðingarfyllst.

Andrea Fanney Jónsdóttir

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Í kjölfar kvörtunar um að Vaka stundaði starfsemi án þess að hafa gilt starfsleyfi fyrir starfsemi, þ.e. móttöku á og úrvinnslu úr sér genginna bíla var farið í óboðað eftirlit í fyrirtækið 21. júlí s.l. Kvörtunin var staðfest í eftirlitinu að því leyti að forsvarsmáður viðurkenndi að starfsleyfisskyld starfsemi hafði farið fram fyrst eftir að starfsleyfi var fellt úr gildi. Spurður út í notkun á pressu sagði forsvarsmáður að fáeinir bílar, sem voru í húsi þegar leyfið var fellt úr gildi, hefðu verið pressaðir eftir að starfsleyfið var fellt úr gildi og gaf þá skýringu að það hafi verið gert til að rýma til innanhúss. Það væri ekki gert lengur og kominn samningur við annan aðila um móttöku á bilum sem fara til úrvinnslu. Fékk fyrirtækið frávik í skýrslu vegna þessa. Forsvarsmáður kannaðist ekki við að pressa hefði verið í notkun á tíma sem tilgreindur var í kvörtun en sagði að krabbi hafði verið að setja brotamálm í gám. Inntur nánar eftir þessu sagði hann að um væri að ræða nokkra farma af brotamálmum sem hefði borist frá Héðni hf. áður en starfsleyfi var fellt úr gildi. Málmurinn hefði verið pressaður í þeirri trú að það væri ekki starfsleyfisskyld starfsemi. Forsvarsmanni var bent á að ef málmurinn kæmi frá öðrum lögaðila teldist það móttaka á úrgangi og væri starfsleyfisskyld starfsemi. Fyrirtækinu var gert að hætta pressun á brotamálmum þegar í stað og fékk fyrirtækið frávik í skýrslu.



Þegar eftirlitið fór fram var engin starfsleyfis skyld starfsemi í gangi. Ekki var verið að taka á móti bílum né sinna úrvinnslu á úr sér gengnum bílum, engin starfsemi á bifreiðaverkstæði né á hjólbarðaverkstæði. Í húsinu var nokkuð af bílum og var þar að mestu leyti um að ræða bíla sem fyrirtækið hafði tekið í vörslu að beiðni sveitarfélaga að sögn forsvarsmanns fyrirtækisins. Að sögn forsvarsmanns fyrirtækisins var farið með þá af þessum bílum sem þurfti að koma í úrvinnslu til fyrirtækisins Furu í Hafnarfirði.

Í óboðuðu eftirliti 6. ágúst s.l. vegna annarra kvörtunar um starfsemi án starfsleyfis var ekki hægt að staðfesta að fram færi starfsleyfis skyld starfsemi án leyfis.

Gerð er grein fyrir afgreiðslu HER á umsókn Vöku um starfsleyfi fyrir bílapartasölu og niðurrifi bifreiða í kafla 6. Umsókn um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi er er afgreidd stjórnarsýslulega hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og getur HER ekki svarað fyrir það mál.

Góðan dag,

Eypór Logi heiti ég og bý á Kleppsvegi. Ég finn mig knúinn til þess að vekja athygli á afstöðu minni til starfsemi Vöku sem hefur sótt um starfsleyfi á Héðinsgötu 2. Hávaðinn sem fylgir athöfnum fyrirtækisins á svæðinu er í besta falli afar hvímléiður. Einnig hef ég miklar efasemdir um hentugleika staðsetningar þessa iðnaðar með hliðsjón af því hve áþreifanlega nærri hann liggur íbúabyggð og það í hverfi þar sem mikið er um barnafjölskyldur. Aukinheldur er Laugarnesfjara og nærliggjandi svæði nýtt til útivistar af mörgum hverfisbúum og er staðsetningin, frá þeim bæjardýrum séð, afar bagaleg.

Með góðri kveðju og von um að athugasemdir þessar verði teknar til greina,
Eypór Logi Þorsteinsson.

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER). HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar hvað varðar mengunarvarnir þ.á.m. að draga úr hávaða og bættu ásynd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

Skipulag ræður landnotkun og um leið hvernig starfsemi er heimil á hvaða svæði. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur úrskurðað að móttaka á úr sér gengnum bílum til úrvinnslu og niðurrif á bílum sé ekki í samræmi við skipulag og heimila landnotkun.

Gerð er grein fyrir afgreiðslu HER á umsókn Vöku um starfsleyfi fyrir bílapartasölu og niðurrifi bifreiða í kafla 6.

Góðan dag.

Í umfjöllun Fréttablaðsins í dag kemur fram að skipulagsfulltrúi mæli gegn því að Vaka hf. fái undanþágu fyrir vinnslu úrgangs. Fyrirsögnin er villandi þar sem í niðurstöðu í umsögn skipulagsfulltrúa kemur aðeins fram að skipulagsfulltrúi leggist gegn móttökustöð:

<https://www.frettabladid.is/frettir/maelir-gegn-thvi-ad-vaka-fai-undanthagu-fyrir-vinnslu-urgangs/>
„Niðurstaðan er sú að ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við starfsemi fyrir bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði en aftur á móti er móttökustöð fyrir úrgang ekki í samræmi við skipulagsskilmála og því gerð athugasemd við þá starfsemi á lóð Héðinsgötu 2.“

Hér er verið að vísa í hinar þrjár starfsleyfisumsóknirnar. Það er alveg ljóst að starfsemi bílapartasölnunnar, bifreiða- og vélaverkstæði er hluti af úrvinnsluferli fyrirtækisins og það kemur meira að segja fram í greinargerðum Vöku hf. sem fylgja um umsóknum um starfsleyfi. Hér er stjórnarsýslan að finna leið fyrir fyrirtækið til að starfa óbreytt áfram í Héðinsgötu 2 með því að hafna leyfi um móttökustöð, en gefa grænt ljós á hin þrjú starfsleyfin. Íbúar hafa orðið vitni að því að frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp að fyrirtækið hefur verið og er enn að vinna við úrvinnslu bíla, bílaparta og járn frá ökutækjum á lóðinni. Með því að leyfa þessa hluta starfseminar (hin þrjú starfsleyfin) er verið að greiða leið fyrirtækisins til að starfa óbreytt áfram þrátt fyrir að starfsemin



falli ekki undir léttan iðnað og samræmist ekki skipulagi svæðisins. Ekki er hægt að sjá hvernig hægt er að vinna við úrvinnslu bíla án þess að tekið er á móti efninu á einn eða annan hátt.

Það er að okkar mati rangt að fyrirtæki þurfi ekki starfsleyfi til þess að pressa járn, eins og kemur fram svari framkvæmdarstjóra Vöku í gær og fulltrúa HER í frétt Morgunblaðsins. Vinnsla hrájárns eða stáls er háð starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt tölulið 109. í viðauka IV. við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/07/22/vaka_sækir_um_fjogur_starfsleyfi_i_stad_eins/

Svo lengi sem bílapressa og aðrar vélar sem notaðar eru til úrvinnslu eru á svæðinu, í lokuðu rými mun fyrirtækið halda áfram við úrvinnslu bifreiða sem fer gegn úrskurði ÚUA. Íbúar mótmæla því að enn eina ferðina sé lögum ekki framfylgt á kostnað óbreyttra borgara sem þurfa að berjast við stöndugt fyrirtæki og borgaryfirvald svo mánuðum skiptir sem ítrekað reyna að villa um fyrir íbúum borgarinnar. Krafist er þess HER stöðvi starfsemina sem nú fer fram á svæðinu, heimili ekki starfsleyfi sem brjóta gegn úrskurði ÚUA, leyfi fyrir starfsemi sem fellur ekki undir léttan iðnað og samræmist ekki skipulagi svæðisins. Íbúar krefjast þess að þrýst verði á fyrirtækið að finna starfseminni annan stað sem samræmist eðli hennar, og að lögum reglugerðum verði hér með fylgt. Virðingarfyllst,

Andrea Fanney Jónsdóttir

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER svarar ekki fyrir né getur borið ábyrgð á framsetningu fjölmiðla á fréttum.

HER mótmælir fyrir sitt leyti fullyrðingum um að stjórnvöldin sé að reyna að finna leið fyrir fyrirtækið að starfa óbreytt að Héðinsgötu 2 eða villa um fyrir íbúum. Hafa þarf í huga að samkvæmt stjórnvöldslögum ber HER sem stjórnvaldi ávallt að beita vægasta úrræði sem það hefur yfir að ráða í samræmi við eðli máls hverju sinni. Synjun starfsleyfis og/eða stöðvun starfsemi eru mjög íþyngjandi stjórnvöldsluákvæðanir.

Strax í kjölfar þess að HER barst úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála var Vöku sent bréf, dags. 28. júní s.l. með tilmælum um tafarlausa stöðvun starfsleyfissskyldrar starfsemi. Í óboðuðu eftirliti 21. júlí s.l., í kjölfar kvörtunar um að fyrirtækið væri að taka á móti bílum til úrvinnslu og pressa þá, staðfesti forsvarsmadur að nokkrir bílar hefðu verið pressaðir eftir að starfsleyfið var fellt úr gildi og gaf þá skýringu að með því hafi verið að hreinsa til innanhúss og að umræddum bílum hefði verið skilað inn áður en leyfið var fellt úr gildi. Þegar eftirlitið fór fram var engin starfsleyfissskyld starfsemi í gangi né var starfsleyfissskyld starfsemi í gangi við óboðað eftirlit 6. ágúst s.l. Ekki er öll starfsemi Vöku starfsleyfissskyld og má sérstaklega nefna akstursþjónustu sem m.a. felur í sér að Vaka fjarlægir númerslausa bíla af landi sveitarfélaga, og fleiri aðila, og varðveitir þar til eigandi vitjar eða í a.m.k. 30 daga. Bilarnir eru í misjöfnu ástandi og hluti þeirra eru sannkölluð bilflök og er vonlegt að íbúar telji þar með að Vaka sé að taka á móti bílum til úrvinnslu. Svo er þó ekki og eru þessir bíla og bilflök flutt til annars aðila til úrvinnslu að geymslutíma liðnum.

Það er rétt að í greinargerð Vöku kemur fram að aðstaða bifreiðaverkstæðis er notuð í vinnsluferli úr sér genginna bíla. Það er ekki eina hlutverk bifreiðaverkstæðisins, þar eru einnig stundaðar almenna bilaviðgerðir og verður að teljast mjög íþyngjandi ákvörðun að synja fyrirtækinu um starfsleyfi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði vegna þess að aðstaða bifreiðaverkstæðisins hefur verið notuð við niðurrif bifreiða eða úrvinnslu þeirra fyrir förgun ásamt hefðbundinni bifreiðaverkstæðisstarfsemi.

Fyrir liggja neikvæðar umsagnir skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, þ.e. móttöku á úr sér gengnum bílum til úrvinnslu. Gerð er grein fyrir afgreiðslu HER á umsókn Vöku um starfsleyfi fyrir bílapartasölu og niðurrif bifreiða í kafla 6.

Til viðkomandi,

Við styðjum áframhaldandi starfsemi Vöku að Héðinsgötu. Starfsemin er nauðsynlegur hluti hringrásarhagkerfis sem verið er að byggja upp til verndar umhverfi og minnkunar skaðlegra



loftslagsáhrifa. Vaka hefur líka sýnt samfélagslega ábyrgð með alúð við mikilvæga þætti í nærumhverfinu s.s. með því að styrkja stuðning við uppbyggingu íþróttastarfsemi. Vaka er mikilvægur hlekkur í Laugardalssamfélaginu og verðugt þess að halda áfram starfsemi.

Gunnar B. Ragnarsson [REDACTED]

Evgenía K. Mikaelisdóttir [REDACTED]

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. HER gefur út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og setur fyrirtækinu ramma í starfsleyfisskilyrðum til að lágmarka umhverfisáhrif og ónæði frá starfseminni.

Sæl veriði,

Er að senda inn athugasemd vegna Vöku málsins í hverfinu mínu. Ég er íbúi á [REDACTED].

Ég er á þeirri skoðun að verið sé að mismuna Vöku stórlega, mörg önnur fyrirtæki á svipuðum slóðum í okkar hverfi eru einnig í léttum iðnaði og afhverju á Vaka ein að taka skellinn vegna stakra kvenna í hverfinu.

Mjög snyrtilegt er fyrir framan fyrirtækið og hefur alltaf verið, ég persónulega nota þeirra starfsemi fyrir bílinn minn og vil gjarnan geta gert það áfram. Þeir bjóða góða þjónustu og á góðu verði, einnig styð ég þeirra starfsemi að selja notaða bílahluti, koma brotajárni til endurvinnslu og svo framvegis. Að hafa alla þessa starfsemi á einum stað er náttla ekkert annað en góð hagkvæmni og minnkar kolefnisspor. Það að ætla að leyfa einhverja starfsemi en ekki aðra á sama stað er því mjög óhagkvæmt fyrir fyrirtækið og fellur þá ekki undir þeirra sýn já eða bara almennt undir almenna skynsemi í rekstri og umverfismálum. Því annars þurfa þeir að flytja efnið til og frá miklu lengri leiðir. Líka finnst mér þetta jaðra við að vera lögfræðimál að taka tilbaka starfsleyfi? Má það? Nei það má ekki ef þeir eru að fara eftir því sem leyfið segir, sem þeir eru að gera....sérstaklega þar sem léttur iðnaður er ennþá óskilgreindur.

Að gera þetta líka á þessum tíma eftir erfiðan Covid vetur hjá flestum fyrirtækjum er svívirðilegt, að sjálfsögðu á að ræða hlutina um framhaldið og vegna þessara kvartana en gera þeim kleift að sjálfsögðu að halda starfseminni að fullu áfram út leyfið, sem var nú ekki langt heldur og þess þá heldur.

Ég er sjálf í fyrirtækjarekstri og það stefnir allt í annan erfiðan covid vetur og hvaða fyrirtæki ráða við það.....margir verða á barmi gjaldþrots og að fá svona í ofanálag er vanhugað af ykkar hálfu. Þetta gæti orðið til þess að þeir hafi þetta ekki af og það vegna ykkar sem ákveða að kippa undan þeim fótunum vegna þessara stöku kvenna í hverfinu...í alvöru? segi ég bara

Kær kveðja,

Olga Perla Nielsen

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER gefur út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Eitt af skilyrðum þarf að uppfylla er að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag. HER setur fyrirtækinu ramma í starfsleyfisskilyrðum til að lágmarka umhverfisáhrif og ónæði frá starfseminni. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðindamála, ekki HER, hefur fellt úrskurð um að hluti af starfsemi Vöku geti ekki talist vera léttur iðnaður og sé ekki í samræmi við skilgreinda landnotkun í skipulagi. HER verður



að taka mið af þeim úrskurði í málsmeðferð sinni. Ekki er hægt að taka undir að alltaf hafi verið snyrtilegt við fyrirtækið á Héðinsgötunni, um það bera vitni staðfestar kvartanir og kröfur HER um úrbætur. Að því sögðu er ljóst að veruleg breyting til batnaðar hefur orðið á ásynd fyrirtækisins frá fyrstu mánuðum starfseminnar.

Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi, sem áður sagði, og hafa eftirlit með því að fyrirtækið fari eftir skilyrðum sem um starfsemina gilda.

Ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi Vöku var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála sem er lögformlegt ferli sem kveðið er á um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sem fyrr segir starfar HER eftir lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lögin mæla fyrir um ákveðna málsmeðferð og gefa ekki svigrúm til að taka tillit til ytri aðstæðna s.s. Covid faraldurinn við málsmeðferðina.

Góðan daginn, við sem íbúar í hverfi 105 Reykjavík nánar tiltekið [REDACTED], viljum koma eftirfarandi á framfæri varðandi starfsleyfisveitingu hjá Vöku hf. Héðinsgötu 2. Varðandi umrædda starfsemi hvort sem um er að ræða móttöku og förgun á ökutækjum eða þá þjónustu sem fyrirtækið veitir s.s. dekkjaþjónustu, olíuskiptingu og annað þá höfum við sem íbúar í bæði hverfi 104 til fjölda ára og núna í 105 s.l. árið aldrei orðið fyrir ónæði af þjónustu þessa fyrirtækis.

Sú þjónusta sem fyrirtækið veitir hefur verið mjög góð og reynsla okkar eingöngu jákvæð í þau skipti sem við höfum þurft á henni að halda. Hefur allt verið í samræmi við væntingar okkar. Auk þess höfum við ekki orðið vör við óánægju með veru þeirra hér í hverfinu fyrir utan nokkrar háværar raddir á samfélagsmiðlum. Meginþorri íbúa tekur ekki undir þessar skoðanir og því sjáum við okkur skylt að láta vita af okkar jákvæða viðhorfi til þessa fyrirtækis og leggjum áherslu á að Vaka hf. njóti sömu meðferðar og önnur fyrirtæki í þessu iðnaðarhverfi. Starfssemi Vöku er um margt nauðsynleg í okkar samfélagi sérstaklega er varðar endurvinnslu og þjónustu almennt við ökutæki og eigendur þeirra. Vitum við af eigin raun að forsvarsmenn fyrirtækisins eru ábyrgir einstaklingar sem hafa það að markmiði að reka fyrirtækið eftir öllum reglum og lögum. Auk þess hefur fyrirtækið verið sterkur og mikilvægur bakhjarl í íþróttastarfi hér í Laugardal t.d. hjá Knattspyrnudeild Þróttar þar sem ég Pála Þórisdóttir sit í stjórn og hef gert s.l. ár.

Vinsamlega staðfestið móttöku.

Virðingarfyllst,

Pála Þórisdóttir

Finnbjörn R. Aðalheiðarson.

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar hvað varðar mengunarvarnir þ.á.m. að draga úr hávaða og bættu ásynd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja fyrirtækinu skilyrði fyrir starfseminni og hafa eftirlit með því að fyrirtækið starfi eftir skilyrðunum.

Varðandi starfsleyfi Vöku við Héðinsgötu 2 í Reykjavík.

Ég hef verið íbúi í Laugardal síðastliðin 18 ár. Laugardalur er hverfi í borg, þar sem umferðarniður, hljóð frá uppskiptum í Sundahöfn, fagnaðarlæti og hvatningar frá fótboltaleikjum, ærslaköll frá Laugardalslaug, útítonleikar, lúðrablástur skemmtiferðaskipa og fleiri umhverfishljóð eru hluti af



daglegu lífi. Í hverfinu er sem betur fer að finna fjölbreytta blöndu íbúabyggðar og atvinnustarfsemi. Hverfisbragurinn er því fjölbreyttur og lifandi.

Ég hef fylgst með umræðu um starfsemi Vöku við Héðinsgötu á samfélagsmiðlum hverfisins. Þar hefur fámennur hópur talað hátt og vill starfsemina burt. Á þeim tíma sem ég hef búið í hverfinu hef ég vissulega orðið var við starfsemi Vöku en aðeins í jákvæðum skilningi. Það skiptir máli að hafa þjónustu í nágrenninu. Án þess að ég hafi sérstaklega tekið eftir nokkru sem kallast má sóðaskapur í kringum starfsemi Vöku þá veit ég til þess (af umræddri umræðu á samfélagsmiðlum) að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi fengið á sig athugasemdir varðandi nærumhverfi sitt. Það er ekki endilega óeðlilegt að fyrirtæki lendi í slíku þar sem umfang er mikið og sýslað er með stór tæki á borð við bifreiðar. Þeir hafa hins vegar brugðist við slíkum athugasemdum af myndarskap að mínu mati og gengið langt í að uppfylla allar kröfur sem til slíkrar atvinnustarfsemi eru gerðar.

Sem foreldri og íbúi í hverfinu hef ég reglulega komið að íþróttastarfi hjá Þrótti. Til að slíkt íþróttastarf blómstri þarf bæði að treysta á óeigingjarnt starf sjálfbóðaliða og öflugan stuðning fyrirtækja. Vaka er eitt þeirra fyrirtækja sem hafa stutt dyggilega við starfsemina og veitir ekki af. Það yrði mikill missir af fyrirtækinu úr hverfinu. Að því sögðu sé ég ekki haldbær rök fyrir því að meina fyrirtækinu um starfsleyfi í iðnaðarhverfi að því gefnu að það uppfylli skilyrði sem til slíkrar atvinnustarfsemi eru gerð.

Ég vil því hvetja þar til bær yfirvöld til að veita Vöku umrætt starfsleyfi og tryggja sem fjölbreyttast atvinnulíf í Laugardal þar sem íbúar og fyrirtæki geta klárlega búið í sátt og samlyndi og skapað þannig traust og gott samfélag.

Virðingarfyllt,

Hermann Guðmundsson

Svar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER): HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar hvað varðar mengunarvarnir þ.á.m. að draga úr hávaða og bætta ásýnd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja fyrirtækinu skilyrði fyrir starfsemi og hafa eftirlit með því að fyrirtækið starfi eftir skilyrðunum.

Þá ber þess að geta að skilgreind landnotkun á Köllunarklettssvæði, þar sem Héðinsgata er, er miðsvæði en ekki iðnaðarsvæði og því er ekki heimil sama starfsemi þar og er heimil á iðnaðarsvæði sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Umsögn vegna starfsemi Vöku

Ég bý beint á móti starfsemi Vöku [REDACTED] með kærustu og barn á leiðinni. Keyptum í september 2019. Fljótlega flutti Vaka sína starfsemi á Héðinsgötu. Ég man eftir því að standa í eldhúsglugganum og segja við kærustuna mína „sjáðu, Vaka er greinilega að flytja sína starfsemi hérna beint á móti“ svo hélt ég áfram með daginn. Fyrir var ekki fallett um að líta og ég er ekki frá því að Vaka hafi bara sett skemmtilegri svip á umhverfið, og þegar þeir gerðu eitthvað sem fólki fannst ósnyrtilegt þá brugðust þeir strax við og bættu úr. Liðlegheit og vilji til samvinnu.

Ég hef persónulega nýtt mér þeirra þjónustu og það var til fyrirmyndar. Gott að hafa slíka operation í hverfinu. Enga mengun hef ég séð né fundið, hávaði ekki vandamál enda nóg af öðru ónæði allt í kring. Þegar ég hef lesið það sem fólk er að pirra sig á þá hef ég alls ekki tengt við það og oft hugsað að það þurfi ansi einbeittan brotavilja til að finna þessar aðfærslur. Við búum í borg og stjórnnum ekki hvernig umhverfið snýst í kringum okkur og hvað við sjáum út um gluggann.

Ég sit í stjórn knattspyrnudeildar Þróttar og hef því kynnst hversu mikilvægt er að öflug fyrirtæki í hverfinu komi að styrktarmálum. Því miður eru alltof fá fyrirtæki að styðja við öflugt íþróttastarf en Vaka gefur ekkert eftir þar. Það skiptir ekki máli hvenær við heyrum í Einari eiganda Vöku hann er alltaf mættur með styrk og vinnuframlag, það er ómetanlegt. Ég veit það fyrir víst að ef kosið



yrði um þetta mál hefði Vaka betur, ég er í virku samtali við alla aldurshópa í hverfinu og hef heyrt miklu meira af stuðning heldur en hinu. Bolum ekki vinum okkar í burtu, takk.

Bestu kveðjur, Bolli Már Bjarnason

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar hvað varðar mengunarvarnir þ.á.m. að draga úr hávaða og bætta ásýnd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja fyrirtækinu skilyrði fyrir starfseminni og hafa eftirlit með því að fyrirtækið starfi eftir skilyrðunum.

Til þess er málið varðar,

Þessi umsögn/ábending/athugasemd varðar tillögur að starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðinsgötu 2.

Umsögnin varðar allar umsóknir félagsins.

- starfsemi almenns hjólbarðaverkstæðis
 - starfsemi bifreiða og vélaverkstæðis
 - starfsemi bílapartasölu og niðurrif bifreiða
 - starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang, þ.e. móttaka á bílum til úrvinnslu
- að meðfylgjandi umsögn standa fjórir íbúar í nærumhverfi Vöku. Ef frekari upplýsinga er þörf um umsögnina eða þá sem að henni standa þá ekki hika við að hafa samband. með von um góðar undirtektir.

Til þess er málið varðar,

Síðastliðna mánuði hefur starfsemi Vöku verið til umræðu og hafa íbúar hverfis félagsins m.a. sett fram sjónarmið í umræðunni. Mikilvægt er að íbúar komi á framfæri skoðunum á fyrirtækjum í sínu nærumhverfi en í þessu tilfelli virðast flest sjónarmið sem formlega hafa verið sett fram endurspeglar neikvæð viðhorf er varða félagið og starfsemi þess. Að okkar mati er mikilvægt að þjónusta Vöku sé í hverfinu og þannig stuðlað að nærþjónustu sem og atvinnutækifæri fyrir aðila. Sem viðskiptavinir félagsins til margra ára getum við staðfest að öll þjónusta félagsins er til fyrirmyndar og þegar ábendingar um úrbætur hafa verið settar fram hefur félagið brugðist vel við og gert endurbætur. Sem íbúar í hverfinu í áratugi höfum við ekki verið vör við mengun frá félaginu, hvorki á núverandi starfsstöð né fyrri staðsetningu. Hins vegar er hægt að nefna ýmiss dæmi um hávaðamengun frá starfssemi annarra félaga í hverfinu og þá helst úr sundahöfn. Félagið veitir ekki einungis mikilvæga þjónustu í hverfinu heldur hefur það stutt vel við íþróttar og tómstundastarf hverfisins þar sem það hefur um árabíl stutt starfsemi þróttar með ýmsum leiðum og verið félaginu mikilvægur bakhjarl. Sem fyrrverandi stjórnarmaður (Haraldur) knattspyrnudeildar Þróttar get ég staðfest þetta. Ef Vaka myndi hætta starfsemi í hverfinu yrði það mikill missir þar sem líklegt væri að mikilvægur bakhjarl myndi hverfa með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á samfélagið í Laugardalnum.

Vaka gegnir einnig mikilvægu hlutverki í hringrásarkerfi okkar samfélags og með starfseminni er endurnýting ökutækja háværkuð sem lengir líftíma ökutækja, lágmarkar sóun og gerir aðilum mögulegt að fá varahluti sem annars gæti verið erfitt að fá, en einnig ódýrara sem kemur vel á tekjuminni aðila. Þegar starfsemi félagsins var stöðvuð féll endurnýting niður og ökutæki hafa verið send í endurvinnslu í stað þess að fjarlægja fjölmarga hluti ökutækis til endurnýtingar áður en annað er sett í endurvinnslu. Það sem erfitt er að skilja er að í næstu götu er félag, Hringrás, sem er heimilt að taka við ökutækjum (og meiru) til endurvinnslu en félaginu sem hámarkar endurnýtingu er ekki heimilt að starfa. Með aðgerður sínum eru stjórnvöld að auka sóun og minnka



endurnýtingu með tilheyrandi slæmum umhverfisáhrifum. Brýn nauðsyn er stöðva þetta strax og gera aðilum mögulegt að hefja aftur endurnýtingu, umhverfinu og samfélaginu til heilla. Ef það er ekki vilji stjórnvalds að heimila félaginu að starfa á núverandi stað til lengri tíma er mikilvægt að gefa tímabundna heimild til þess að endurnýting geti haldið áfram á meðan starfseminni er fundinn annar staður. Hvaða rök eru fyrir því Vaka fær ekki að starfa við förgun, sem það hefur gert um árabíl, en annað félag í sama hverfi fær að sinna sömu starfsemi sem er samt þannig að minna er endurnýtt hjá þeim en mun meira umfang við aðra förgun? Allt of sjaldan eru jákvæðar umsagnir settar fram en þær raddir þurfa einnig að heyrast. Með þjónustu og velvilja sínum hefur Vaka jákvæð áhrif á sitt nærumhverfi og er vel liðið félag í hverfinu. Það hefur mjög jákvæð áhrif á umhverfið með endurnýtingu og sinnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi sem og hringrásarkerfi heimsins. Það er rík ástæða til þess að bregðast við strax og heimila félaginu að hefja starfsemi. Á hverjum degi er verið að farga ökutækjum með búnaði sem hægt væri að endurnýta og það þarf að stöðva sem fyrst.

Virðingarfyllst íbúar í hverfinu (104 Reykjavík)

Haraldur Bjarnason,

Hanna Guðmundsdóttir,

Bjarni Agnarsson,

Hanna Haraldsdóttir

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER tekur undir mikilvægi þess að íbúar og rekstraraðila láti sig varða málefni nærumhverfis síns og hafi skoðanir á þeim. Það er tilgangur auglýsingar á tillögu að starfsleyfi, að gefa þeim er vilja tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum sínum og er ekkert nema jákvætt þegar það tækifæri er nýtt.

HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar um bættu farmmistöðu hvað varðar mengunarvarnir þ.á.m. að draga úr hávaða og bættu ásýnd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

HER hefur borist kvartanir vegna annarrar starfsemi á svæðinu og eru þau mál í vinnslu hjá HER. Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Málið snýst ekki um þá þætti heldur er tekist á um hvort starfsemin er heimil samkvæmt skipulagi á Héðinsgötu 2. Fyrir liggur úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem metur að hluti af starfsemi Vöku á Héðinsgötu 2 sé ekki í samræmi við skipulag svæðisins og heimila notkun húsnæðis. Starfsemi Hringrásar er á skilgreindu hafnarsvæði en ekki á miðsvæði eins og starfsemi Vöku. Samkvæmt texta í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 um svæði H4 sem nær yfir Sundahöfn og nærumhverfi er starfsemi sem fellur undir skilgreiningu athafnasvæða almennt heimil á reit H4 en einnig má gera ráð fyrir starfsemi sem fellur undir iðnaðarsvæði sbr. skipulagsreglugerð.

13. Ágúst 2021

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartún 12, 105 Reykjavík

heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is

Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðinsgötu 2 vegna móttökstöðvar fyrir úrgang, bifreiða- og vélaverkstæði og starfsemi bílapartasölu (og niðurrifs bifreiða), dags. 15. júlí 2021.

Af þeim fjórum starfsleyfum sem sótt er um telja íbúar að Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og heilbrigðisnefnd beri að synja þremur starfsleyfum. Leyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, bílapartasölu og bifreiða og vélaverkstæði. Í umsókn um bílapartasölu er starfræksla bílapartasölu og niðurrif bifreiða í einni og sömu umsókn. Niðurrif bifreiða er ekki heimilt á svæðinu þar sem það flokkast ekki undir léttan iðnað skv. úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála



dags. 25. júní í máli nr. 15/2021 um ógildingu starfsleyfis Vöku hf. Í greinargerð Vöku hf. sem fylgir umsókn um bifreiða- og vélaverkstæði kemur fram að úrvinnsla fer fram á verkstæðinu: „Hlutverk verkstæðisins er einnig partur af úrvinnslu bifreiða, varahlutir eru teknir úr bifreiðum og endurnýttir eins og hægt er til endursölu.“ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti Vöku hf. tímabundna undanþágu þann 30. júlí 2021 fyrir hluta af starfseminnar með ströngum skilyrðum. Í undanþágu ráðuneytisins kemur fram: „Ráðuneytið telur þann þátt starfseminnar, þ.e. úrvinnsla ökutækja, ekki falla undir almenna starfsemi bifreiðaverkstæða og skyldan rekstur.“ Skilyrði fyrir undanþágu var meðal annars: „Undanþágan nær eingöngu til starfsemi bifreiða- og vélaverkstæðis Vöku hf. Að Héðinsgötu 2 í Reykjavík og gildir ekki um úrvinnslu ökutækja sbr. Ákvæði reglugerðar nr. 303/2008. Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. júní í máli nr. 15/2021 um ógildingu starfsleyfis Vöku hf. kemur fram: “Felur hluti þeirrar starfsemi sem um ræðir í sér móttöku og úrvinnslu úr sér genginna bifreiða. Þannig er m.a. úrgangur úr bílum, s.s. spilliefni, flokkaður og sendur til förgunar. Er því ekki hægt að telja að hin umþrætta starfsemi geti talist vera léttur iðnaður í skilningi gildandi aðalskipulags, enda verður að skýra það hugtak í samræmi við þau ákvæði skipulagsreglugerðar sem áður eru rakin. Starfsemin hefur í för með sér mengunarhættu og er ekki hægt að fallast á að hún sé hreinleg. Getur hún því ekki fallið undir landnotkunarflokkinn miðsvæði, eins og hann er skilgreindur í skipulagsreglugerð.” Nú hefur Vaka hf. sótt um fjögur leyfi í stað þess starfsleyfis sem úrskurðarnefnd umhverfisog auðlindamála felldi úr gildi þann 25. júní síðastliðinn. Í þessum fjórum starfsleyfisumsóknum er starfsemi fyrirækisins skipt niður í flokka. Starfsemi Vöku hf. byggir eftir sem áður á því að fyrirtækið taki á móti allt að átta þúsund tonnum af úr sér gengnum ökutækjum árlega. Það vekur umhugsun okkar að þrátt fyrir úrskurðinn sækir fyrirtækið um leyfi fyrir móttökustöð annars vegar en hins vegar fyrir úrvinnslu ökutækja (og bílapartasölu). Ekki er ljóst hvernig má aðgreina móttökustöð og úrvinnslu ökutækja og ennfremur er undarlegt að umsókn fyrir úrvinnslu ökutækja sé sameinuð starfsleyfisumsókn um bílapartasölu. Hér virðist því sem um tilraun til að reka áfram óbreytta starfsemi sé að ræða með því að gefa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisnefnd kost á að synja leyfi um móttökustöð en heimila úrvinnslu ökutækja. Ekki er hægt að sjá hvernig hægt er að vinna við úrvinnslu bíla án þess að tekið er á móti efninu á einn eða annan hátt. Ljóst er starfsemi Vöku hf. geti ekki talist hreinleg atvinnustarfsemi, hefur í för með sér mengunarhættu og getur ekki fallist undir léttan iðnað. Starfsemin samræmist ekki skipulagi svæðisins og á þeim forsendum leggjast íbúar gegn því að heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur veiti Vöku hf. starfsleyfi fyrir:

1. Móttökustöð fyrir úrgang
2. Bílapartasölu og úrvinnslu
3. Bifreiða- og vélaverkstæði

Virðingarfyllst.

Andrea Fanney Jónsdóttir

Kjartan F. Ólafsson

Björn Kristjánsson

Ásdís Þorsteinsdóttir

Róbert Þór Bender

Bjarnheiður Kristinsdóttir

Guðbjörg Sandholt Gísladóttir

Þórhildur Maggí Sandholt

Júlía P. Andersen

Sólveig Kolbrún Pálsdóttir

Auður Agla Óladóttir

Halla Sverrisdóttir

Ásrún Ágústsadóttir



Jón Ágúst Eggertsson
Ingibjörg Elín Þorvaldsdóttir
Guðný Rósa Óskarsdóttir
Sigurjón Mýrdal Hjartarson
Sigrún Halla Ásgeirsdóttir
Karen Pálsdóttir
Guðný Ólafsdóttir
Elsa Jónsdóttir
Laufey Björk Ólafsdóttir
Birna Hjaltadóttir
Brynhildur Kjartansdóttir
Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
Myrra Leifsdóttir
Helga S. Ævarsdóttir
Inga María Leifsdóttir
Gyða Karlsdóttir
Eva Ósk Ármannsdóttir
Birkir Fjalar Viðarsson
Víðir Þór Þrastarson
Snædís Björt Agnarsson
Styrmir Guðmundsson
Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir
Helga Haraldsdóttir
Hróðmar Sigurbjörnsson
Ari Hróðmarsson
Hulda Halldórsdóttir
Helga Aðalheiður Halldórsdóttir
Kjartan Guðnason
Sóley Jónsdóttir
Lóa Hjálmtýsdóttir
Guðmundur Valdimar Rafnsson
Ragnheiður Maísól Sturludóttir
Katrín Birna Pétursdóttir
Orri Jökulsson
Elín Harpa Valgeirsdóttir
Hjalti Elíasson
Sigþrúður Gunnarsdóttir
Björn Hauksson
Hneta Rós Hildardóttir
Kristín Björg Viggósdóttir
Stefanía Helga Pálmadóttir
Finnbogi Óskarsson
Birgitta Spur
Árni Ólafur Jónsson
Þórunn Gréta Sigurðardóttir
Margrét Rán Þorbjörnsdóttir
Sacha Ásgeir Medina
Sara Hauksdóttir
Ása Fanney Gestsdóttir
Steinunn Benediktsdóttir



Ragnhildur Rögnvaldsdóttir
Lína Ástgeirsdóttir

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER):

Gerð er grein fyrir afgreiðslu HER á umsókn Vöku um starfsleyfi fyrir bílapartasölu og niðurrifi bifreiða í kafla 6. Athugasemdum varðandi móttökustöð fyrir úrgang og bifreiðaverkstæði er svarað í greinargerðum vegna þeirra starfsleyfisumsókna.

Til þess er málið varðar,

Undirritaður styður áframhaldandi starfsemi Vöku í hverfinu. Þjónusta félagsins er að mínu viti vel staðsett, veitir mikilvæga þjónustu fyrir nærsamfélagið og er um leið atvinnuskapandi. Ekki er annað að sjá en að fyrirtækið hafi brugðist vel við gagnrýni um sjónmengun og gagnrýni er varðar hljóðmengun, sem ætti þó frekar að beina að starfsemi við Sundahöfn. Til viðbótar má nefna þá vigt sem félagið hefur gagnvart íþrótt- og tólmundastarfi í hverfinu sem fjárhagslegur bakhjarl. Það yrði t.d. mikið áfall fyrir íþrótt-/Knattspyrnufélagið Þrótt að tapa þeim stuðningi.

Virðingarfyllst,

Guðberg K. Jónsson, íbúi í Laugardalnum

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar hvað varðar mengunarvarnir þ.d.m. að draga úr hávaða og bættu ásýnd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

HER hafa borist kvartanir vegna annarrar starfsemi á svæðinu og eru þau mál í vinnslu hjá HER. Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja fyrirtækinu skilyrði fyrir starfseminni og hafa eftirlit með því að fyrirtækið starfi eftir skilyrðunum.

Góða kvöldið!

Undirrituð hjón hafa undanfarna þrjá áratugi búið í Laugarnesi og Laugardal. Að gefnu tilefni skal það tekið fram að við höfum aldrei nokkurn tímann haft hið minnsta ónæði af starfsemi fyrirtækisins eða áþekkra fyrirtækja í nágrenni við Laugarnesið og Laugardalinn, póstnúmer 104 og 105. Þvert á móti höfum við margoft notað þjónustu Vöku með frábærum árangri og það er algjörlega til fyrirmyndar og ótrúlega þægilegt að hafa hana svo nálægt hverfinu.

Vaka er umhverfissinnuð starfsemi og skilar sínu og vel það þegar kemur að hringrás endurnýtingar og endurvinnslu. Að auki hefur fyrirtækið stutt íþróttastarf í hverfinu með margvíslegum hætti og til að mynda verið Þrótti ómissandi bakhjarl í fjölbreyttum verkefnum. Samfélagsþáttur starfseminnar er þannig ríkur og bæði ábyrgur og framsækinn.

Það er von okkar hjóna að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur veiti erindi Vöku jákvæð viðbrögð og afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

-Stefán Hrafn Hagalín, [REDACTED]

-Valgerður Gunnarsdóttir, [REDACTED]

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar hvað varðar mengunarvarnir þ.d.m. að draga úr hávaða og bættu ásýnd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

HER hafa borist kvartanir vegna annarrar starfsemi á svæðinu og eru þau mál í vinnslu hjá HER. Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja fyrirtækinu skilyrði fyrir starfseminni og hafa eftirlit með því að fyrirtækið starfi eftir skilyrðunum.

Þá ber þess að geta að skilgreind landnotkun á Köllunarklettssvæði, þar sem Héðinsgata er, er miðsvæði en ekki iðnaðarsvæði og því er ekki heimil sama starfsemi þar og er heimil á iðnaðarsvæði sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Til þess er málið varðar

Við undirrituð höfum búið í nágrenni við Laugardalinn í 20 ár, búum nú í [REDACTED], en þjuggum áður við [REDACTED] og [REDACTED]. Við höfum nýtt okkur þjónustu Vöku reglulegu og höfum verið mjög ánægð með þau viðskipti sem við höfum átt við fyrirtækið. Við höfum aldrei orðið vör við neitt ónæði frá félaginu en finnum hins vegar fyrir því hvað það ótrúlega þægilegt að hafa þessa þjónustu í hverfinu.

Nú í sumar fékk [REDACTED] sumarvinnu hjá Vöku og var mjög ánægður með þá vinnu. Hann missti svo vinnuna þegar starfsleyfi Vöku var afturkallað.

Við vonumst til þess að erindi Vöku fái jákvæð viðbrögð og félaginu verði gert kleyft að starfa áfram í hverfinu.

Reykjavík 13. ágúst 2021

Virðingarfyllst,

Steinar Helgason, [REDACTED]

Thelma Hillers, [REDACTED]

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar hvað varðar mengunarvarnir þ.á.m. að draga úr hávaða og bætta ásynd. Verulegar framfari hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

HER hafa borist kvartanir vegna annarrar starfsemi á svæðinu og eru þau mál í vinnslu hjá HER.

Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja fyrirtækinu skilyrði fyrir starfseminni og hafa eftirlit með því að fyrirtækið starfi eftir skilyrðunum.

Þá ber þess að geta að skilgreind landnotkun á Köllunarklettssvæði, þar sem Héðinsgata er, er miðsvæði en ekki iðnaðarsvæði og því er ekki heimil sama starfsemi þar og er heimil á iðnaðarsvæði sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

B.t. Umhverfisráðuneyti og Heilbrigðiseftirlitið

Til þeirra er málið varðar

Vegna starfsleyfi Vöku ehf.,

Héðinsgata 2

Það þarf að hafa í huga að fyrirtækið Vaka er að sinna ákveðni umhverfisvernd með endurvinnslu bifreiða, eldri varahluta, og fleira. Einhversstaðar þurfa svona fyrirtæki að vera staðsett, staðsetningin á Héðinsgötu / Klettagördum miðsvæðis og að auki nálægt hafnarsvæði er að mörgu leyti ágæt og ekki verri en hver önnur, né síðri en annarra fyrirtækja þarna á svæðinu. Það er þá líka með tilliti til þjónustu sem fyrirtækið býður á sviði dekkjavíðgerða og smurningar sem nýtist nærumhverfinu og fleirum.

Vettvangskönnun mín 14.8., sýnir að ásjón umhverfis í kringum fyrirtækið er ágæt og betri en ég sá að var fyrir í sumar. Meiri „sjónmengun“ sé ég að er frá öðrum fyrirtækjum þarna á svæðinu svo sem fyrirtækisins Fraktlausnir.



Mikilvægt er þó að það sé ekki mikill hávaði eða starfssemi Vöku eða annarra fyrirtækja nálægt íbúðarbyggð. Þann vinkil þekki ég í raun ekki, get ekki sagt að ég hafi heyrt af því. Ég bý sjálfur í Sigtúni þar sem ekkert heyrir frá Vöku, en stundum frá vinnum við skipum í höfninni, hef orðið var við að íbúar kvarta yfir þeim hávaða á Facebook um það.

Hærri tré þarna í kring á svæðinu og málun væru þó til bóta og eflaust hægt að gera eitthvað til að minnka hljóð sem getur borist þarna frá. Veit ekki hvort þessi atriði væru í verkahring fyrirtækisins eða Reykjarvíkurborgar.

Ég legg til að stofnaður verði samráðshópur sem tveggja aðila úr hverfinu og eins til tveggja frá VÖKU. Undirritaður sem vanur ráðgjafi og lausnarmiðaður gæti að auki komið að slíkri vinnu og sáttamiðlun.

Hákon Þór Sindrason



P.s. Hefði verið hentugra að hafa frest til athugasemda hinn sama hjá báðum aðilum

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Athugasemdin barst 16. ágúst eða að loknum auglýstum athugasemdatíma. Engu að síður var ákveðið að hafa hana með í greinargerðinni. HER staðfesti ónæði og mengun frá fyrirtækinu í eftirlitsferðum, sérstaklega fyrstu mánuði starfseminnar. Kröfur um úrbætur voru gerðar um bættu farmmistöðu hvað varðar mengunarvarnir þ.á.m. að draga úr hávaða og bættu ásynnd. Verulegar framfarir hafa orðið þó enn hafi mátt gera betur þegar starfsleyfið var fellt úr gildi.

HER hefur borist kvartanir vegna annarrar starfsemi á svæðinu og eru þau mál í vinnslu hjá HER. Það er ekki hlutverk HER að leggja mat á hlut fyrirtækisins sem slíks í hringrásarhagkerfinu, umhverfisvernd eða samfélagslega þátttöku þess. Hlutverk HER er að gefa út starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja ramma um starfsemina með starfsleyfisskilyrðum og hafa eftirlit með því að fyrirtækið framfylgi skilyrðunum.

Þá ber þess að geta að skilgreind landnotkun á Köllunarklettssvæði, þar sem Héðinsgata er, er miðsvæði en ekki iðnaðarsvæði og því er ekki heimil sama starfsemi þar og er heimil á iðnaðarsvæði sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Tillaga um samráðshóp er góðra gjalda verð en fellur ekki undir hlutverk HER.

HER áttar sig ekki á ábendingu um athugasemdafrest né hverjir eru báðir aðilar. Auglýstur athugasemdafrestur var 15. júlí til og með 13. ágúst. Á þeim tíma var hverju sem vildi heimilt að senda inn athugasemdir.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjarvíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Vöku hf. tekin fyrir á 1567. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 10. september 2021 og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 31.12.2022 með þeim takmörkunum að niðurrif bifreiða er ekki heimilað.



7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 13. september 2021

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennitur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir bílapartasölur

1. Almenn ákvæði og gildissvið

1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur bílapartasala þar sem fram fer niðurrif vélknúinna farartækja. Um starfsemina gildir einnig reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja og almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.

1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.

1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

1.4 Áður en rekstur fyrirtækisins hefst skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innan dyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olíu né séu til lýta í umhverfi.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.

2.2 Svæðið þar sem starfsemin fer fram skal vera afgirt og læst utan afgreiðslutíma.

2.3 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhrað, bílhluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannaferi, valdi slysahefðu eða lýtum á umhverfi. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.

2.4 Bifreiðar, þungavinnutæki eða annað sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæðifyrirtækisins. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

3. Mengunarvarnir

3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.

3.2 Svæðið þar sem starfsemin fram skal vera með ógegndræpu yfirborði, malbikuðu eða steypu, og afrennsli tengt olíuskilju og/eða sandfangi. Stærð, gerð og staðsetning olíuskilju skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.

3.3 Söfnunarþrær, þ.e. olíuskiljur, sandföng og ristar, skulu athugaðar og tæmdar reglulega. Hafa skal reglubundið eftirlit með olíuskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.

3.4 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvíst eða sag.

3.5 Geymsla skal vera á staðnum fyrir varahluti sem hafa verið fjarlægðir úr ökutækjum, þar með talið lekahelt rými fyrir varahluti sem eru olíumengaðir.

3.6 Hentug ílát skulu vera til staðar til geymslu á rafgeymum.

3.7 Vökvar, s.s. eldsneyti, smurolía, gír- og drifolía, vökvakerfisolía, kælivökvar, ísvari, hemlavökvar og aðrir vökvar sem fyrirfinnast í ökutækjum skal geyma í vökvaheldum ílátum.

3.8 Hentug geymsla skal vera fyrir notaða hjólbarða. Gera skal fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn eldhættu.

3.9 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.

4. Geymsla á olíu og olíuefnum

4.1 Staðsetja skal tanka og tunnur fyrir geymslu olíuefna, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli, á svæði sem tengt er olíuskilju eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

5. Spilliefni og annar úrgangur

5.1 Spilliefnum skal skila til viðurkenndrar móttökustöðvar. Til spilliefna teljast m.a. notaðar, ópressaðar olíusúur, úrgangsolía, rafgeymar og frostlögur. Þurrum, pressuðum olíusúum má skila með öðrum málmúrgangi.

5.2 Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til honum er fargað að ekki sé hætt á mengun.

5.3 Rekstraraðila ber að koma olíumenguðum jarðvegi til viðurkenndra móttökuaðila þegar í stað.

5.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.

5.5 Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olúgildru. Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

5.6 Senda skal útfyllt eyðublað skv. II viðauka reglugerðar nr.303/2008 um úrvinnslu ökutækja fyrir 1. mars ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjölda úr sér genginna ökutækja sem tekið var á móti á almannaks ári þar á undan, heildarþyngd þeirra, hreinsun og sundurhlutun. Tilgreina skal hvaða efni voru hreinsuð úr ökutækum og hvernig úrgangi var ráðstafað.

Samþykkt í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 12. nóvember 2009.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bílapartasölur og skyldan rekstur

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur bílapartasölur og skyldan rekstur þar sem fram fer niðurrif vélknúinna farartækja.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	
1.5	Áður en heimilaður er rekstur partasölu eða verkstæðis þar sem niðurrif bíla eða tækja á að fara fram skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innan dyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olú né séu til lýta í umhverfi.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhra, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið	737/2003	

	heilum og þrifalegum.		
2.3	Bifreiðar, þungavinnutæki eða annað sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olúgildru á frálögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúgildrum.	sbr. ákvæði 1.3 og 1.4 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildrum og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olúefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s., blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.	798/1998 5. gr.	

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olúefni þ.m.t. úrgangsolú í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihald berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	sbr. gr. 3.5 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Notaðar, ópressaðar olíusíur, úrgangsolía, rafgeymar og frostlögur teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með öðrum málmúrgangi.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
5.2	Rekstraraðila ber að koma olíumenguðum jarðvegi til viðurkenndra móttökuaðila þegar í stað.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3	Ganga skal þannig frá olúsmituðum úrgangi þar til honum er fargað að ekki sé hætt á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.5	Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olúgildru. Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

Starfsleyfisráðgjafi eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.